## KONUNGSBRÉF

**um setning Alþingis.**

**65**
25. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1935.

*Gjört á Amalíuborg, 25. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## LÖG

**um lántöku fyrir ríkissjóð.**

**66**
18. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að 11 milljónum og 750 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 18. febrúar 1935.*

Í nafni konungs

**Frederik**
**ríkisarfi.**
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

Reykjavík, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.